

Ár 2021, þriðjudaginn 16. nóvember kl. 14.00 er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Halldóri Frímanssýni dómara í dómstól ÍSí.

**Fyrir var tekið málið nr. 3/2021:**

**Þríþrautarsamband Íslands (ÞRÍ)  
gegn  
Amöndu Marie Ágústsdóttur og  
Diðriki Stefánssýni**

Mætt eru auk dómara Linda Laufdal ritari dómstólsins.

Miklar umferðartafir eru í Laugardal samfara því að boðið er upp á sprautu gegn Covid í Laugardalshöll. Af þeim sökum biður dómari með upphaf þinghalds til 14:10.

Fyrir dómstólnum liggur samkomulag, dags. 11. nóvember 2021, undirritað af málsaðilum, ásamt viðauka 1 (drög að afreksstefnu eins og þau hafa verið samþykkt frá stjórn ÞRÍ miðað við dagsetninguna 1. október 2021) og yfirlýsing málsaðila dags. 11. nóvember 2021.

Í 1. gr. samkomulagsins eru raktar þær deilur sem málsaðilar hafa staðið í um nokkurra ára skeið. Fram kemur að tilgangur samkomulagsins sé að ljúka þessum deilum með það sameiginlega markmið að „sameinast um að vinna að framgangi þríþrautar á Íslandi og byggja upp þríþrautarsamfélag sem einkennist af samheldni, jákvæðri og skilvirkri samskiptamenningu og sterkum íþróttanda og á sama tíma skapa farveg fyrir stuðning við Amöndu og Diðrik svo þau nái betur að hámarka getu sína og frammistöðu í þríþraut.“

Skuldbindingar málsaðila til að ná þessu fram koma fram í 2. og 3. gr. samkomulagsins.

Þannig skuldbindur Þríþrautasamband Íslands sig í 3. tl. 2. gr. til þess að fella niður þetta dómsmál sem rekið er fyrir þessum dómstól.

**Samkvæmt þessu er mál nr. 3/2021 hér með fellt niður.**

Fleira ekki gert og þinghaldi slitið kl. 14.30.

Halldór Frímansson dómari  
[sign]